

Þjórsárskóli

2004-2006

Skóli á grænni grein



Verkefnastjóri: Bolette Høeg Koch

Umhverfisstefna Þjósárskóla

Yfirmarkmiðin eru að:

- styðja alþjóðlega umhverfisvernd og vekja nemendur til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð.
- nemendur fræðist um mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna.
- skóli og heimili taki höndum saman um að efla ábyrgð nemenda gagnvart nánasta umhverfi sínu.
- örva og efla vitund nemenda til lengri tíma litið um gildi þess að umgangast landið af virðingu.
- nemendur læri um mikilvægi þess að það sem er náttúrulegt hverfi aftur til náttúrunnar og sé endurnýtt.
- umhverfisvitund verði eðlilegur þáttur í menningu og daglegu lífi.

Markmið fyrir veturinn 2005-2006

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni
 - slökkva ljósið á klósettunum
 - slökkva á tölvunum eftir daginn
 - fræða nemendur um orku
- Að gera nemendur öflugri í moltuvinnslu.
- Að sýna nemendum fram á hagnýti moltugerðar með kartöflurækt í jarðvegi úr moltukössunum við skólann.
- Að auka samstarf við foreldra.

Markmið fyrir veturinn 2004-2005

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni
 - slökkva ljósið á klósettunum
 - slökkva á tölvunum eftir daginn
 - fræða nemendur um orku

Vegna verkfallsins haustið 2004 breyttust kennsluáætlanir ýmissa námsgreina og þess vegna færðust markmiðin yfir á næsta skólaár. Þegar farið var að búa til verkefni fyrir nemendur varð orkuverkefnið mun viðameira en búist var við í upphafi. Það þótti til dæmis tilvalið að nýta legu skólans og nálægð hans við virkjanirnar inni í Þjósárdal til enn frekari fræðslu um orkumál.



Kristinn, Sveinn og Sigurður að fræða okkur um sólarorku.

Yfirmarkmið fyrir veturna 2002-2004

- að bæta umhverfiskólans
- að bæta umhverfisvitund nemenda og starfsmanna
- að auka þekkingu nemenda og virðingu fyrir umhverfinu
- að minnka sorpið sem frá okkur fer
- að nemendur læri að flokka sorp og spara orku

Áætlun fyrir veturinn 2002-2003:

Að nemendur og starfsfólk:

- flokki lífrænt rusl
- flokki pappír
- flokki fernur
- slökkvi ljósið þegar farið er út úr stofunni

Að bílstjórar:

- drepi á bílunum fyrir utan og skólann

Að skólinn:

- kaupi og noti hreingerningarefni sem eru vottuð með umhverfisvottun

Áætlun fyrir veturinn 2003-2004

- að bæta fræðslu til nemenda og foreldra
- að hafa umhverfisstefnuna sýnilegri
- að skipuleggja hreinsunardag í hverfinu
- að minnka sápu- og handþurrkunotkun

Umhverfissáttmáli Þjórsárskóla

Í **moltugerðartunnuna** fer:

- ávextir
- brauð
- grænmeti
- fiskur
- kjöt
- eggjaskurn
- kaffikorkur
- eldhúspappír
- sag úr smíðastofunni

Moltan úr moltutunnunni er notuð til kartöfluræktar á skólalóðinni. Uppskeran er síðan nýtt í skólamötuneytinu og heimilisfræðikennslunni.

Allur **pappír** er fullnýttur.

Við erum með tvo kassa í öllum stofum. Einn fyrir pappír sem hefur verið notaður öðru megin og hinn fyrir pappír sem er fullnýttur. Þetta fer svo allt í pappírgám Sorpstöðvar Suðurlands.

Fernur eru nýttar til þess að búa til pappír eða settar í gám frá Sorpstöð Suðurlands.

Rafhlöður eru flokkaðar sér og skilað til Sorpstöðvarinnar.

Með því að senda heim bréf um starf skólans og halda fræðslufundi er stuðlað að **bættri fræðslu** nemenda og foreldra. Einnig hefur flokkun á sorpi á heimilum nemenda verið könnuð.

Umhverfisstefna skólans verður hengd upp í anddyri skólans og einnig sett inn á vef hans.




Flott uppskera.

Hreinsunardagurinn í hverfinu verður skipulagður í samvinnu við sveitarfélagið. Væntanlega í maí á hverju ári. Skólinn ætlar sér líka að halda eigin hreinsunardag á hverju hausti.

Með því að hengja upp skilti og fræða nemendur er reynt að **halda sápu- og handþurrkunotkun í lágmarki**.

Með markvissri fræðslu um orkunotkun og orkuframleiðslu hefur verið reynt að **halda orkunotkun í lágmarki**.

Skipulagður eru **árlegar fræðslu- og landgræðsluferðir** í samvinnu við Landgræðsluna til þess að efla vitund nemenda, kennara og annars starfsfólks skólans um uppgræðslu og mikilvægi hennar.



Jakob, Sigurður og Ólöf að fræða okkur um vatnsafl.

Greinargerð sem fylgir umhverfisgátlista fyrir skóla á grænni grein.

Innkaup / nýtni bls. 2

1. Skólinn hefur keypt húsbúnað hjá ÁG húsgögnum og okkur hefur tekist að halda skemmdarverkum í lágmarki. Reynt hefur verið að halda húsgögnunum vel við og yfirdekkja stóla um leið og þeir verða slitnir. Þegar keypt eru tæki eins og dvd-spilari er vandað til verka og leitast við að kaupa vandaða hluti.
2. Við höfum ekki getað notað handklæði á klósettunum eftir að heilbrigðiseftirlitið bannaði okkur það en í eldhúsinu eru notuð handklæði og þau eru þvegin með borðtuskunum og uppþvottastykkjunum.
3. Rafhlöður eru mjög lítið notaðar hjá okkur. Þegar vasareiknar eru endurnýjaðir eru þeir keyptir með sólarorkurafhlöðu.
4. Mjólkurnotkun er í of litlum mæli í svo lítilli stofnun til þess að við gætum fengið svokallaðar kýr. Hér eru keyptar líters fernur og nemendur fá mjólk í glasi sem er þvegið og notað aftur.
5. Morgunhressing er útbúin í skólanum og það er mótuneyti í hádeginu. Þannig að hér er enginn með nesti.
10. Við notum plastpoka í ruslið en skiptum þeim ekki út nema þeir séu orðnir ónothæfir.

Meðhöndlun á rusli bls. 3

2. Það er enginn húsvörður í Þjórsárskóla en allt annað starfsfólk þekkir reglurnar.
3. Við sendum flokkuðu hlutina okkar til Sorpstöðvar Suðurlands og þar er allur pappír aðeins flokkaður í einn flokk. Þannig að við höfum ekki möguleika á að flokka í gæða pappír og blandaðan pappír.

Innkaup / rekstur bls. 4

1. Ræstingastarfsfólk við skólann notar mikið af hreinu vatni til ræstinga, þess vegna hafa innkaup á hreinsiefnum dregist verulega saman. Okkur finnst samt erfitt að finna efni sem nýtast okkur og eru jafnframt vottuð. Við höfum verið í vandræðum með prentara og ljósritunarvél og höfum þess vegna þurft að skipta um pappír mörgum

sinum til þess að finna einhverja gerð sem vélarnar taka við. Þess vegna höfum við ekki getað keypt vottaðan pappír. Allt tölvukerfið er leigt hjá TRS á Selfossi og höfum við þar með enga stjórn á hvaða vélar eru keyptar.

4. Við kaupum ekki blýanta, nemendur skaffa þá sjálfir.
8. Í svona lítilli stofnun eru takmörk fyrir því hversu stórt er hægt að kaupa inn.



Jóhannes, Bjarki, Lovísa og Ástrós fræða okkur um gufuafli.

Umhengni og nánasta umhverfi bls. 5

7. Við erum hér með mjög skemmtilega skólalóð, hér eru móar, grjót, hólur, ræktuð tré og grasfletir. Það er mjög stutt í ár og læki sem eru notaðir markvisst í kennslu. Við ræktum kartöflur, tré og blóm.
9. Nemendur hafa tekið flag í fóstur inni í Hrossatungum í Þjórsárdal Þetta er gert í samstarfi við Landgræðslu Ríkisins. Við höfum sáð melgresi, borið á, tínt birkifræ og sáð.
10. Skólinn og umhverfisnefnd hreppsins hafa unnið saman að hreinsunardegi í þéttbýliskjörnunum í kringum skólabygginarnar.
11. Skólinn hefur með aðstoð Landgræðslunnar klippt stiklinga í móanum umhverfis skólann og stungið þeim niður, þannig er sá gróður ræktaður sem fyrir var í umhverfinu. Nemendur hér eru mjög meðvitaðir um friðun lands. Hér er Þjórsárveraumræðan mjög ofarlega í hugum nemenda.

Flutningur og ferðir bls. 6

1. Nemendur koma allir með skólabil fyrir utan þá sem eru í göngufæri við skólann. Við höfum engan strætisvagn eða aðra möguleika vegna fjarlægða.
3. Hér er ekki möguleiki fyrir nemendur né kennara að hjóla í skóla.

5. Við kaupum íslenskar vörur ef þær eru til hjá viðskiptaaðila okkar. Vegna nálægðar okkar við grænmetisframleiðendur í Hrunamannahrepp komumst við auðveldlega til að kaupa íslenskt ræktað grænmeti.
6. Við kaupum íslensk matvæli.

Orka og vatn bls. 6

1. Það eru rúllugardínur í kennslustofunum, þær eru einungis dregnar fyrir þegar sólin veldur óþægindum, t.d. þegar skín í augu nemenda eða þegar glampar á tölvuskjá.
2. Það eru flúorljós í öllum loftljósum í skólanum.
3. Í hverri kennslustofu eru margir rofar þannig að vel er hægt að stjórna hversu mörg ljósastæði eru í gangi í einu. Þetta nýtum við okkur til orkusparnaðar.
9. Vegna vandræða við aflestur á rafmagnsmælinum við skólann höfðum við samband við rafveituna. Starfsmaður hennar fann út að rafmagnsmælirinn okkar væri af vitlausri gerð og verður því skipt um hann. Það mun leiða til sparnaðar fyrir skólann.
10. Við leigjum húsnæðið með heitu vatni og höfum þar með enga aðstöðu til þessa að fylgjast með notkuninni af því.
11. Við leigjum húsnæðið með köldu vatni og höfum þar með enga aðstöðu til þessa að fylgjast með notkuninni af því.
14. Skólabyggingin er það nýleg að ekki hefur verið þörf fyrir að endurnýja hreinlætistöki.

Kynning og menntun bls. 7

5. Nemendur fá útikennslu haust og vor. Nemendur veiða smádýr í læknum og sækja sér grjót og gróður til frekari úrvinnslu inni í skólanum. Nemendur fara í fuglaskoðun og vinna verkefnið *Umhverfisstígur við Kálfárbakka* sem unnið var af verkefnisstjóra Grænfánans. Einnig rækta nemendur kartöflur.
9. Á haustin eru farnar ferðir í samvinnu við Landgræðsluna og á vorin hefur verið farið í gönguferðir að Þjórsá. Einnig hafa nemendur í Brautarholtsdeild skólans farið á skauta á veturna.


Kennslumarkmið í Þjórsárskóla

1. bekkur

- öðlist skilning á áhrifum sólar
- læri að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi sínu
- læri mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna
- læri að flokka pappír og lífrænt rusl

Kennsluhættir

Kennari leggur inn námsefni sem hentar hverju sinni og því er fylgt eftir með umræðum, verkefnum og verklegum athugunum. Kennslan fer að mestu fram í þemavinnu og hópastarfi. Kennslubækur eru aðallega úr flokknum *Komdu og skoðaðu*.



Lovísa, Tómas, Ingibjörg og Eiríkur fræða okkur um vindorku.

2. bekkur

- kynnist eðlisfræðilegum fyrirbærum s.s. viðnámi, orku, krafti og hreyfingu
- kynnist gróðurhúsaáhrifum
- öðlist þekkingu á ljóstillífun og fæðuöflun trjáanna
- læri að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi sínu
- læri mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna
- læri að flokka pappír og lífrænt rusl

Kennsluhættir

Kennari leggur inn efni sem hentar hverju sinni, því er fylgt eftir með umræðum, verkefnum og verklegum athugunum. Kennslan fer að mestu fram í þemavinnu og hópastarfi. Kennslubækur eru aðallega *Bláðgræna*, kennslubækur úr flokknum *Komdu og skoðaðu*, *Græna handbókin* (handbók fyrir kennara) og námsefni á vef tengt efninu.

3. bekkur

- læri að njóta náttúrunnar og skynji fjölbreytileika og fegurð hennar
- læri að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi sínu
- læri mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna
- læri að flokka pappír og lífrænt rusl
- geti lýst áhrifum sólarljóss á umhverfi sitt

Kennsluhættir

Kennarinn leggur inn efni sem hentar hverju sinni. Því er fylgt eftir með umræðum, verkefnum og verklegum athugunum. Kennslan fer að mestu fram í þemavinnu og hópastarfi. Kennslubækur eru aðallega úr flokknum *Komdu og skoðaðu*, handbækur um fugla, *Kostuleg kort og gröf* og námsefni á vef tengt efninu.

4. bekkur

- viðhaldi og styrki forvitni og áhuga á umhverfinu
- læri að njóta náttúrunnar og skynji fjölbreytileika og fegurð hennar
- læri að þekkja og bera virðingu fyrir nánasta umhverfi sínu
- læri mikilvægi þess að ganga vel um náttúruna
- læri að flokka pappír og lífrænt rusl
- læri að afla sér þekkingar á náttúrunni, bæði með beinum athugunum og með hjálp gagna
- kynnist því hvernig náttúran breytist eftir árstíðum og geri sér grein fyrir samhengi sem ríkir milli lífvera og milli lífrænna og lífvana þátta í umhverfinu
- geri sér grein fyrir hringrás vatns í náttúrunni

Kennsluhættir

Kennarinn leggur inn efni sem hentar hverju sinni. Því fylgt eftir með umræðum, verkefnum og verklegum athugunum. Kennslan fer að mestu fram í þemavinnu og hópastarfi. Kennslubækur eru aðallega *Náttúran allan ársins hring*, *Kostuleg kort og gröf*, kennslubækur úr flokknum *Komdu og skoðaðu*, ýmsar handbækur og námsefni á vef tengt efninu.

5. bekkur

- efli skilning sinn á íslenskri náttúru og nánasta umhverfi sínu
- átti sig á mismunandi vistkerfum náttúrunnar
- geri athuganir á nánasta umhverfi skólans
- læri að flokka pappír, fernur og lífrænt rusl og skilji af hverju það er gert
- læri um rafmagn og orku
- tíni rusl á skólalóðinni
- endurnýti pappír
- fræði foreldra um umhverfismennt
- geri sér grein fyrir hringrás lífrænna efna í náttúrunni

Kennsluhættir

Reynt er að flétta umhverfismennt inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði. Námsefnið er rætt í tímum. Mikil áhersla verður lögð á umhverfismennt. Verkleg kennsla verður með athugunum og tilraunum, niðurstöður verða síðan skráðar. Kennslubækur eru aðallega *Lífrikið á landi*, *Auðvitað 1*, ýmis ljósrit og námsefni á vef tengt efninu.

6. og 7. bekkur

- kynnist nánasta umhverfi
- læri um hringrásir

- taki upp kartöflur
- læri að bera virðingu fyrir umhverfinu
- læri að flokka pappír, fernur og lífrænt rusl og skilji af hverju það er gert
- læri um rafmagn
- læri um orku og orkunotkun
- tæmi pappír, sem fullnýttur er, í endurvinnsluflát
- endurnýti pappír
- endurnýti flíkur í textílmennt
- fræði foreldra um umhverfismennt
- geri sér grein fyrir hringrás lífrænna efna í náttúrunni.

Kennsluhættir

Reynt er að flétta umhverfismennt inn í sem flestar greinar en hún verður sérstaklega tekin fyrir í náttúrufræði. Námsfnið er rætt í tímum og unnið í vinnubók. Veruleg kennsla er með athugunum og tilraunum, niðurstöður skráðar. Í haust munu nemendur taka upp kartöflur sem settar voru niður í moltu unna úr lífrænum úrgangi sem fallið hafði til í skólanum.

Kennslubækur eru aðallega *Kver um smásjá*, *Rafmagn 1*, ýmsar handbækur, ýmis ljósrit og efni á vef tengt efninu..Auk þess er námsfni sérstaklega unnið fyrir Þjórsárskóla:

Umhverfisstígur á Kálfárbakka og vefleiðangur um umhverfismál.

Þar sem nýi vefurinn *Heimurinn minn* var tekin í notkun nú í byrjun árs 2006 verður hann notaður til kennslu í umhverfismennt í öllum bekkjum Þjórsárskóla á vorönn. Við fögnum þessu nýja efni og okkur finnst það falla vel að okkar vinnu.



Bolette og nemendur að undirbúa beðið til þess að rækta kartöflur í.

Fundur í umhverfisnefnd um grænfánann. 16. febrúar 2006 kl. 14:30 – 15:30

Á fundinum voru Þóra Þórðardóttir, Rakel Úlfhéðinsdóttir, Lóvísa H. Daðadóttir, Eiríkur Arnarsson, Sigurður Kristmundsson, Jakob Eiríksson og Bolette Høeg Koch. Jóhanna Lilja Arnardóttir og Hrafnhildur Ágústsdóttir

- 1) Farið yfir markmiðin, nemendur kynntu þau til skiptis og sögðu frá hvernig gengi vinna eftir þeim. Endurskoðuðu yfirmarkmiðin voru kynnt sérstaklega.
- 2) Orkuverkefnið sem 6.og 7. bekkur unnu var kynnt og fundarmenn sýndu veggspjöld úr verkefninu.
- 3) Kartöfluverkefnið rætt, allir ánægðir með það. Við vonumst til að geta haldið því áfram.
- 4) Nemendur sögðu frá niðurstöðunum úr sorpkönnuninni sem heimilin höfðu tekið þátt í. Mikil ánægju var með þátttöku og niðurstöður mjög góðar. Það er greinilega mikið að gerast í flokkunarmálum á heimilunum í sveitinni.
- 5) Hrafnhildur sagðist vera mjög ánægð með umgengni í skólanum og að ræstingar gangi vel. Mest notar hún heitt vatn og trefjaklúta við vinnu sinna. Hún hefur keypt gólfmoppur úr taui í staðinn fyrir pappírsmoppurnar sem fyrir voru. Hún kláraði lagerinn af pappír og hætti svo að nota það kerfi.
- 6) Rætt var um það hversu leiðinlegt það er að geta ekki flaggað fánanum. Veðrið fer svo illa með hann. Fram kom tillaga um að búa til skilti sem skrífa mætti á skólann með upplýsingum um að skólinn hafi fengið grænfánann og tákn verkefnisins.
- 7) Það er mjög þurrt í moltukassanum við Brautarholtsskóla vegna þess að eldhúsúrgangur fer í hænur og ekki í kassann. Finna þarf lausn á því.
- 8) Rætt var um framhaldið og kom upp hugmynd að taka áttahagafræðslu sem þema næst.

Fundarritari: Bolette

Spurningalisti

Flokkun á sorpi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi

Ágætu foreldrar og forráðamenn

Umhverfisnefnd Þjósárskóla ætlar að kanna hversu mikið fjölskyldur í hreppnum flokka sorp. Þið eruð því vinsamlegast beðin um að svara þessum lista og senda hann svo aftur í skólann.

Kveðja, umhverfisnefnd Þjósárskóla

Endurnýtið þið eða skilið eftirfarandi til endurvinnslu?

	Já	Nei
Glerflöskur		
Plastflöskur		
Áldósir		
Fernur		
Rafhlöður		
Dagblöð		
Pappír		
Lífrænn úrgangur		
Plast ílát (dósir)		
Gler ílát (krukkur)		
Föt		
Annað:		



Nemendur í útitakennslu

Skeiða- og Gnúpverjahreppi, febrúar 2006

Skýrsla um Grænfánann í Þjórsárskóla

Haustið 2002 voru Brautarholtsskóli og Gnúpverjaskóli sameinaðir og fékk sá skóli nafnið Þjórsárskóli. Hinn sameinaði skóli fékk grænfánann árið 2004 og sækir nú um að endurnýja hann.

Gnúpverjaskóli var einn af stofnfélögum Grænfánans. Hann vann tvo vetur við að innleiða flokkun lífræns sorps, ferna og pappírs. Það var stofnuð umhverfisnefnd með þátttöku nemenda eins og gert er ráð fyrir. Það var lagt mat á umhverfismál með hjálp umhverfisgátlistans fyrir skóla á grænni grein. Síðast liðna tvo vetur hefur aðallega verið unnið með orku.

Umhverfisnefnd

Í umhverfisnefnd skólans situr Jóhanna Lilja Arnardóttir fulltrúi stjórnenda, Bergljót Þorsteinsdóttir og Hrafnhildur Ágústsdóttir fyrir ræstítækna og Bolette Høeg Koch fyrir hönd kennara en hún er jafnframt verkefnisstjóri. Nemendur í nefndinni eru Rakel L. Úlfhéðinsdóttir, Þóra A. Þórðardóttir, Eiríkur Arnarsson, Lovísa H. Daðadóttir, Jakob Þ. Eiríksson og Sigurður Kristmundsson. 5., 6. og 7. bekkur eiga tvo fulltrúa hver í nefndinni. Bekkirnir kusu sína fulltrúa sjálfir í lýðræðislegri kosningu. Nemendum þótti gaman að fá tækifæri til að hafa sjálfir áhrif og komust færri að en vildu.

Markmið

Nefndin fór yfir stöðuna og setti sér ný markmið þó að áður sett markmið væru enn í fullu gildi og hefur vinna að þeim ekki minnkað. Hin nýju markmið eru eftirfarandi:

Markmið fyrir veturinn 2005-2006

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofnunni
 - slökkva ljósið á klósettunum
 - slökkva á tölvunum eftir daginn
 - fræða nemendur um orku
- Að gera nemendur öflugri í moltuvinnslu.
- Að sýna nemendum fram á hagnýti moltugerðar með kartöflurækt í jarðvegi úr moltukössunum við skólann.

- Að auka samstarf við foreldra.

Markmið fyrir veturinn 2004-2005

- Að minnka orkunotkun með því að:
 - slökkva ljósið þegar farið er út úr stofunni
 - slökkva ljósið á klósettunum
 - slökkva á tölvunum eftir daginn
 - fræða nemendur um orku

Vegna verkfallsins haustið 2004 breyttust kennsluáætlanir ýmissa námsgreina og þess vegna færðust markmiðin yfir á næsta skólaár. Þegar farið var að búa til verkefni fyrir nemendur varð orkuverkefnið mun viðameira en búist var við í upphafi. Það þótti til dæmis tilvalið að nýta legu skólans og nálægð hans við virkjanirnar inni í Þjórsárdal til enn frekari fræðslu um orkumál.



Eygló að kenna nemendum úti

Þessir tveir vetur sem liðnir eru frá því við fengum grænfánann fyrst, hafa aðallega verið nýttir í að vinna að fræðslu og tilraunum tengdum orku og síðan hefur verið unnið áfram með moltugerðina.

Eins og áður er nefnt höldum við samt áfram að stuðla að markmiðum frá fyrri árum. Og eitt af því sem er mjög ánægjulegt er hvað nemendur eru meðvitaðir og vinna að verkefninu sem sjálfsögðum hlut. Þeir eru duglegir að setja mat og annað í lífræna ruslið og nýta sér pappír úr endurvinnslukössunum, þeim finnst það vera sjálfsagður hlutur.

Inni í kennslustofunum á Brautarholti eru ílát fyrir lífræna ruslið. Á loki hvers íláts er leiðbeining um hvað má fara þar ofan í. Í Gnúpverjajadeildinni borða nemendur saman á sal þannig að allt lífrænt rusl fer í þar til gert ílát í heimilisfræðistofunni. Það eru moltugerðartunnur við báðar skólabyggingarnar, Brautarholtsmegin fer ekki mikið í tunnuna því að þar er lífræni úrgangurinn notaður sem hænsnafóður. Það leiðir af sér að erfitt reynist að halda moltunni þar nægilega blautri.



Veggspjöld með orkuverkefnum

Sorpstöð Suðurlands flokkar ekki pappír í marga flokka þannig að við höfum valið að flokka pappírinn í skólastofunum í tvennt. Annars vegar fullnýttan pappír sem búið er að skrifa á báðu megin og hins vegar pappír sem aðeins hefur verið notaður öðru megin og vel er hægt að nota fyrir minnismiða, krassblöð og teikningar. Í hverri stofu eru tveir kassar fyrir þessa flokka. Á kössunum eru leiðbeiningar um hvað er í hverjum þeirra. Einnig hefur kennurum verið gert að ljósrita báðu megin á blöð svo fremi sem það er framkvæmanlegt. Flokkun ferna fara aðallega fram í eldhúsum skólanna, þar sem nemendur fá mjólk í glasi til að drekka með morgunhressingunni.

Í öllum herbergjum skólanna hefur verið sett upp spjald til þess að minna fólk á að slökkva ljósinn þegar það yfirgefur stofuna.

Fræðsla

Allir nemendur hafa fengið fræðslu og leiðbeiningar um stefnu skólans í umhverfismálum. Jafnframt hafa nemendur á miðstigi unnið vefrallý á netinu sem útbúið var sérstaklega í tengslum við þetta verkefni.

Nemendur á miðstigi hafa unnið með orku á margvíslegan hátt. Þeir hafa unnið tilraunir, fengið fræðslu, unnið verkefni tengd orku með því að safna upplýsingum á netinu og farið í vettvangsferð í Sultartangavirkjun. Þessi verkefni voru unnin samþætt við fleiri námsgreinar þó aðallega nýsköpun, náttúrufræði og íslensku.

Nemendur í 6. og 7. bekk unnu einnig stórt verkefni um mismunandi orkuframleiðslu og orkunotkun.

Síðast liðið voru fengu allar nemendur fræðslu um vetni og strætisvagnar Reykjavíkur komu í heimssókn, með fræðslu og síðan ökuferð í vetnisstrætisvagni.

Foreldrum hefur verið gerð skriflega grein fyrir þessum verkefnum.

Vorið 2005 var búið til beð og settar voru niður kartöflur í mold úr moltukassanum.

Nemendur plægðu og rökuðu garðinn og settu niður. Þegar skólinn byrjaði í haust tóku nemendur svo upp kartöflurnar. Fín uppskera fékkst og nemendur í yngri og eldri deild skólans fengu allir að smakka á nýuppteknum kartöflum.

Fast kerfi er komið á að hræra í moltukassanum. Nemendur skiptast á tveir og tveir saman. Áhuginn hefur aukist hjá nemendum eftir að þeir sáu að hægt væri að nota moldina til kartöfluræktar.

Umhverfisnefndin bjó til spurningalista til þess að kanna flokkun sorps í sveitinni. Listinn var sendur heim með nemendum í 5., 6. og 7. bekk og voru foreldrar beðnir um að svara honum. Góð þátttaka var í könnuninni þar sem svör fengust af 24 heimilum í sveitinni. Allar fjölskyldurnar sem tóku þátt í könnuninni flokka eitthvað af því rusli sem til fellur á

heimilinu. Einnig bættu margir við listann því sem þeir flokka en var ekki á listanum. Það var mjög ánægjulegt.

Haustið 2005 fóru nemendur í fræðsluferð að Gunnarsholti, þar tók Landgræðslan á móti okkur og fræddi okkur um starfsemina.

Unnið er í samstarfi við umhverfisnefnd hreppsins að sameiginlegum hreinsunardegi í hverfunum í kringum skólana.

Til umræðu hefur komið í umhverfisnefnd skólans að næsta verkefni sem tekið verður fyrir verði áttahagafræðsla. Okkur finnst það spennandi og skemmtilegt. Einnig væri þá hægt að fá eldri borgara til samstafs og fræða nemendur um hvernig var staðið að ruslaeyðingu, endurnýtingu og orkuframleiðslu áður fyrr.

Nýja bókin *Ein jörð fyrir alla um ókomna tíð* hefur nýst mjög vel í allri vinnu að umhverfismálum í skólanum. Það er mikill stuðningur fyrir okkur sem vinnum að umhverfismálum í skólanum að hafa handbók þar sem yfirsýn yfir málefnið. Einnig fögnum við nýja vefnum Heimurinn minn og hlökkum til að nota hann í kennslu. Það er mikils virði að hafa mismunandi aðferðir og fjölbreytilegt efni.

Það er mat nefndarinnar að þau markmið sem sett voru í upphafi hafi náðst. Einnig hefur verið farið yfir skrefin sjö. Á þeim forsendum sækir Þjórsárskóli um að fá að endurnýja grænfánann.

Fyrir hönd nefndarinnar
Bolette Høeg Koch